

Aðalfundur Félags húseigenda á Spáni.

Haldinn: Restaurante Los Cucalos

Dagsetning: 13 mars 2026 klukkan 14:00

Tilögur að breytingum á lögum Félag húseigenda á Spáni FHS.

1.gr. Heiti

Félagið heitir Félag húseigenda á Spáni. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. **Breyting :** **Skráning þess og varnarþing er í Reykjavík.**

2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmuna- og áhugamálum húseigenda á Spáni, efla samheldni þeirra, stuðla að sem hagstæðustu ferðum milli Íslands og Spánar og koma fram fyrir hönd félagsmanna í samningum.

Breyting: Tilgangur félagsins er að vinna að **hagsmunum og öryggi félagsmanna. Vinna að sameiginlegum áhugamálum og efla samheldni þeirra.**

3. gr. Aðild

Félagsmenn geta þeir orðið sem eiga eða hyggjast eignast húsnaði á Spáni. Stjórnin heldur skrá yfir félagsmenn

Breyting: Félagsmenn geta allir orðið sem **vilja vinna að hagsmunum félagsins.** Stjórnin skal halda skrá yfir félagsmenn.

5. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn og tveir til vara. Formaður skal kosinn á aðalfundi til eins árs í senn. Kjósa skal fjóra aðalmenn til setu í tvo ár og tvo til vara til tveggja ára á aðalfundi félagsins þannig að á hverju ári skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann, sem skipta með sér verkum.

Breyting: Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn og tveir til vara. **Stjórn félagsins skal kosin til eins árs í senn. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kys úr sínum hópi formann, varaformann, gjaldkera og ritara.**

Stjórn stýrir málefnum félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins.

Breyting: Enginn félagsmaður getur skuldbundið félagið án umboðs stjórnar. Hún ræður starfskrafta að félaginu eins og nauðsynlegt þykir og fjárhagur leyfir.

6. gr. Aðalfundur

Atkvæðarétt á aðalfundi hefur sá félagsmaður sem hefur gilt félagsskírteini.

Breyting: Athvæðisrétt á aðalfundi hefur sá félagsmaður sem **er skuldlaus við félagið.**

Mæti aðili sem ekki er í félaginu til aðalfundar í umboði félagsmanns í þeim tilgangi að fara með atkvæðisrétt hans skal viðkomandi aðili hafa skriflegt umboð frá félagsmanni með undirskrift hans og vottað af tveimur fullgildum vottum. Skal umboðinu framvísað til fundarstjóra áður en atkvæðagreiðsla hefst. Skal umboðinu framvísað **til stjórnar** áður en atkvæðagreiðsla hefst.


Mál sem taka skal fyrir á aðalfundi eru:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara eftir tilnefningu stjórnar.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
4. Ákvörðun um félagsgjald.
5. Tillögur til lagabreytinga.
6. Kosning formans.
7. Kosning tveggja manna í aðalstjórn og eins varamans í stjórn.


Breyting: 6. Kosning fimm manna í aðalstjórn og tvo varamenn.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
8. Önnur mál.

Flutningsmenn.


Þröstur Þorsteinsson

Stuðningsmenn.


Hildur Hafsteinsdóttir

Ólafur Þorsteinsson